



Fjáraflanir eftir árgöngum

Miðað við að flokkaskipting sé í október ár hvert.

1. og 2. bekkur

Karla	2 x harðfiskur.
Kvenna	Heimilispakkning og mandarínusala.
Saman	Morgunmatur á TM- og Orkumóti. Eurovision nammi.

3. og 4. bekkur

Karla	Þrif í Alþýðuhúsinu, FÍV, Kiwanis og Hamarsskóla á Orkumóti
Kvenna	Vaktir í Hamarsskóla á TM- og Orkumóti.
Saman	4 x klósettpappírssala á ári.

5. og 6. bekkur

Karla	Vaktir í Barnaskóla og FÍV + þrif á Barnaskóla á TM- og Orkumóti.
Kvenna	Kaffisala á leikjum. Þrif í Hamarsskóla og Alþýðuhúsi + sjá um grill á TM móti.
Saman	Sjoppa á Eyjablikksmótum og selja ÍBV varning.

7. og 8. bekkur

Karla	Sokkasala Hummel. Jólappír. Safna styrktarlínunum í Mótsblað fyrir 20. apríl. Uppröðun í skólum á þriðjudegi fyrir TM- og Orkumót.
Kvenna	Safna styrktarlínunum í Mótsblað fyrir 20. apríl.
Saman	Sjoppa á TM- og Orkumóti og aðstoða við þátttökupeninga. Sala á vörum frá Grími Kokk.

9. og 10. bekkur

Karla	Skipulagsdagatal.
Kvenna	Lakkrís.
Saman	Kleinubakstur. Kjötsala SS.

Þau sem fara út:

Skylda	Raða upp í Höllinni. Þrif í Höllinni og Listaskóla á TM- og Orkumóti.
Skylda	Vaktir og þrif í skólum, klukkuvaktir og morgunmatur á Eyjablikksmótum.
	Fá fyrirtæki/stofnanir til að kaupa af þeim „vinnu“ í skiptum fyrir styrk án auglýsinga á búninga.
	Bingo. Páskaeggjasala. Áburðarsala.
Skylda	Álfadans á Þrettándanum.
Skylda	Þrif í dalnum + dósir á Þjóðhátíð.

Skylda

Þegar flokkar félagsins spila á mótum hér í Eyjum þá þurfa iðkendur að aðstoða við stöflun stóla og borða í skólunum.

Aðrar fjáraflanir:

Endurskinsmerki, selja Þjóðhátíðarblað, kaffisala, sprittkertasala, kleinusala, fisksala frá Fiskverkun VE.

Auglýsingar

Ekki er leyfilegt að selja auglýsingar á keppnisbúninga, æfingafatnað eða ferðagalla hjá yngri flokkum félagsins.

Reglur vegna fjáraflana á vegum ÍBV Íþróttafélags

Við skorum á foreldra að taka virkan þátt í fjáröflunum á vegum félagsins. Foreldrar þurfa þó að hafa í huga að ef að iðkandi hættir íþróttaiðkun hjá félaginu þá getur viðkomandi ekki fengið inneign sína útgreidda.

Hægt er að færa inneign iðkanda yfir á systkini (ef þau eru að æfa hjá félaginu), er það þá fært í skömmtum eftir þörfum. Ef útgreiðsla er til annarra en systkina þá má hún aldrei verða meiri en 60%, en þó aldrei hærrí en 100.000.-, restin rennur til unglingaráðs. Mjög sterk rök þurfa að liggja að baki ef útgreiðsla er til annarra en systkina. Ef ekki er um slík tengsl að ræða þá rennur öll upphæðin til unglingaráðs.

Hafa ber því í huga að safna ekki of miklu þannig að eftir 16. aldursár verði eftir mikil upphæð sem ekki er hægt að nýta. Í félaginu er búið að setja þak á inneign, en eftir að 10. aldursári líkur er ekki æskilegt að inneign sé hærrí en kr. 300.000,- og við lok 14. aldursárs á iðkandi ekki að eiga meira en 150.000,- í sjóð. Foreldrar þurfa að fylgjast vel með að inneignin sé ekki of mikil þar sem umframfé rennur inn í flokkinn/unglingaráð. Á 15. eða 16. aldursári er farið í utanlandsferð. Stærsta fjáröflunin fyrir þessa ferð eru þrif í Herjólfsdal á Þjóðhátíð. Ætlast er til að foreldrar viðkomandi barna taki þátt í þessari fjáröflun. Í sambandi við þessa ferð og þessa fjáröflun þarf að hafa í huga að ef iðkandi hættir sinni iðkun dreifist inneign

viðkomandi á flokkinn. Komi upp ófyrirséðar aðstæður metur Unglingaráð hvert tilvik fyrir sig. Búið er að skipta fjáröflunum skipulega á milli árganga og eru foreldrar beðnir að virða það skjal. Fjáraflarnir félagsins eru sameiginlegar báðum íþróttagreinum, ef iðkandi stundar aðeins aðra greinina þá tekur viðkomandi eingöngu þátt í þeim fjáröflunum sem í gangi eru meðan á leiktímabili iðkanda stendur.